



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Sameiginlegt sagnaminni

Króka-Refs saga og stuttar skemmtisögur í Evrópu á 14. öld.

Ritgerð til BA prófs í Bókmenntafræði

Erla Jóna Steingrimsdóttir

Maí 2012

Háskóli Íslands

Íslensku- og menningardeild

Bókmenntafræði

Sameiginlegt sagnaminni

Króka-Refs saga og stuttar skemmtisögur í Evrópu á 14. öld.

Ritgerð til B.A.-prófs

Erla Jóna Steingrímsdóttir

Kt.: 300776-3109

Leiðbeinandi: Ármann Jakobsson

Maí 2012

Ágrip

Sagnalist á Íslandi var í miklum blóma á þrettánda og fjórtánda öld. Ekki aðeins voru helstu Íslendingasögurnar skrifaðar á þessum tíma heldur fór sagnskrifunin að verða breiðari þegar leið á fjórtánda öldina. Þá fóru bókmenntir sem nýttu sér rómönsu hefðina að líta dagsins ljós á Íslandi. Lengi vel var litið á Íslendingasögurnar sem sagnfræðilegan sannleik en ekki bókmenntir, en nú á tímum er litið meira á sögurnar sem raunsannan skáldskap.

Ætlunin með þessari ritgerð er að kanna hvort ekki megi lesa sögur sem voru skrifaðar á Íslandi á seinni hluta fjórtánda aldar með hliðsjón af þeim sögum er voru skrifaðar annars staðar í Evrópu á sama tíma. Skoðuð verða verk helstu höfunda fjórtánda aldar í Evrópu, þeirra Geoffrey Chaucer og Giovanni Boccaccio. Margar af sögunum í þeirra helstu verkum, *Kantaraborgarsögum* og *Tídægru* eru fábyljur. En fábyljur voru stuttar skemmtisögur sem í voru hnyttnar samræður og orðaleikir. Söguhetjurnar voru venjulegast af lægri stigum þjóðfélagsins og þurftu að sanna sig með ráðum og dáðum.

Helsti tilgangur þessarar ritgerðar er að athuga hvort ekki sé hægt að finna eitthvað sameiginlegt með Króka-Refs sögu og völdum sögum úr *Kantaraborgarsögum* og *Tídægru*, þessar sögur eru þá fábyljur sem finna má í verkum þeirra. Þá er ekki ætlunin að reyna að finna texta- eða rittengsl heldur hvort ekki megi finna einhvern sameiginlegan anda eða minni í sögunum. Kannað verður hvort höfundur Króka-Refs sögu hafi hugsanlega skrifað söguna með það að markmiði að skrifa stutta, skáldaða skemmtisögu í takt við það sem aðrir voru að gera í Evrópu á fjórtánda öld.

Efnisyfirlit

1 Inngangur	4
2 Króka-Refs saga	6
3 Kantaraborgarsögur Chaucers og Tídægra Boccaccio	9
4 Tákn og orðræða í sögunum	12
<i>Króka-Refs saga og „Saga Ráðsmannsins“</i>	<i>14</i>
5 Lokaorð	22
Heimildaskrá	24

1 Inngangur

Sagnalist á Íslandi stóð í miklum blóma á þrettánda öld síðasta árþúsunds og frá þeim tíma eru allar helstu Íslendingasögurnar. Á fjórtánda öld fer að bera á áhrifum frá rómönsuhefðinni í íslenskum bókmenntum, fyrst með þýddum riddarasögum sem sögðu á rómantískan hátt frá hugprýði og heiðri riddara. Þá fer að vera meira um að skrifaðar séu sögur eingöngu til skemmtunar lesandanum sem ekki hafa sömu rætur í fortíð og hefð og hinar sögulegu Íslendingasögur. Viðfangsefni þessarar ritgerðar er að kanna hvort hægt sé að lesa íslenska texta frá fjórtánda öldinni í samhengi við það sem aðrir voru að skrifa í Evrópu á þeim tíma.

Ætlunin er að skoða Króka-Refs sögu sem flestir eru sammála um að eigi sér engar rætur í sögulegri hefð og athuga hvort ekki sé hægt að finna eitthvern sameiginlegan grunn með henni og verkum tveggja helstu höfunda fjórtánda aldar í Evrópu, þeirra Geoffrey Chaucer og Giovanni Boccaccio. Notuð verða helstu verk þeirra sem eru *Kantarborgarsögur* (e. *The Canterbury Tales*) og *Tíðægra* (í. *Il Decameron*). Sjónum verður sérstaklega beint að völdum sögum úr þessum ritum, sögum sem hafa að geyma sameiginlegan anda og minni og kannað hvort höfundur Króka-Refs sögu hafi verið glöggskyggn á tíðarandann þegar hann skrifaði skáldaða skemmtisögu í takt við það sem kollegar hans í Evrópu voru að gera á sama tíma. Þó notaði höfundur Króka-Refs sögu ekki nákvæmlega sama form og Chaucer og Boccaccio heldur setti sína sögu í form Íslendingasögunnar sem var vel þekkt og viðurkennt á Íslandi á fjórtánda öld. Þannig varpar rannsóknin ljósi á það hvort íslenskir rithöfundar hafi verið jafn einangraðir í skrifum sínum hér á Íslandi eins og gjarnan er talið.

Íslendingasögurnar eru sagnaarfur þeirrar fámennu þjóðar sem byggir Ísland og segja sögur af þeim landnámsmönnum sem námu landið kalda í norðri, ættum þeirra og deilum. Þessar sögur hafa ávallt verið í hávegum hafðar og lengi vel litið á þær sem sagnfræði en ekki bókmenntir því menn litu jafnan á sögurnar sem rétta spegilmynd atburðanna sem þær fjölluðu um. Ákveðin tilhneiging var til að leiða það hjá sér að liðinn væri mjög langur tími á milli þess tíma sem atburðirnir gerðust og ritunartíma sagnanna og því naumlega hægt að gera ráð fyrir að sögurnar væru sannleikur.¹ Í byrjun tuttugustu aldar ólust börn upp við að heyra sögur um Egil Skalla-Grímsson og gerðu

¹ Einar ÓL. Sveinsson, *Ritunartími Íslendingasagna*, bls. 9-10.

ekki ráð fyrir öðru en að þær sögur væru sannar. Vissulega eru til heimildir fyrir því að Egill hafi verið til og sagan um hann hefur sannarlega að geyma sannleikskorn en framhjá því verður ekki horft að sagan er samin löngu eftir hans daga af ónafngreindum höfundi. Sigurður Nordal segir í formála sínum að *Egils sögu* að ekki sé hægt að efast um að Egill hafi verið til, vísurnar sem eru eignaðar honum séu sterkustu rökin fyrir því og að sagan um hann sé að mörgu leyti unnin upp úr vísunum þó reyndar verði því heldur ekki neitað að *Egils saga* sé höfundarverk og að höfundur sögunnar hafi þannig tekið þekkta munnmælasögu og búið til heildstætt ritverk úr henni.² Íslendingasögurnar eiga það raunar allar sameiginlegt að hafa ekki nafngreindan höfund, það er enginn skrifaður fyrir þeim og sennilega ein af ástæðum þess að lengi vel hölluðust Íslendingar að því að sögurnar segðu satt frá fyrstu öldum byggðar á Íslandi. Það viðhorf breyttist á 20. öld. Um *Brennu-Njáls sögu* segir Sigurður Nordal að í henni nái íslensk frásagnarlist og söguskáldskapur hámarki. Hann segir að höfundur sögunnar sækir sér efni úr ýmsum áttum, nýti eldri sagnarit og að öll sagan sé skrifuð af óvenjulega ástríðufullri innlifun.³ Í formála sínum að *Brennu-Njáls sögu* segir Einar Ólafur Sveinsson að sú saga sé sennilegast rituð seint á þrettánda öld svo að hún er yngri en *Laxdæla* sem hefur þó að bera meiri erlend áhrif eins og sést í öllum lýsingum á fólki og búningum þeirra í sögunni svo að strax á miðri þrettánda öld hefur áhrifa riddarasagnanna verið farið að gæta að einhverju marki í íslenskum bókmenntum.⁴

Á öldinni sem nú er gengin í garð, rúmu einu árþúsundi eftir að atburðir flestra þessara sagna áttu sér stað er það almenn skoðun að Íslendingasögurnar séu raunsannur skáldskapur þar sem höfundar þeirra litu ekki á sig sem raunverulega skapandi höfunda heldur frekar höfunda sem voru að segja frá þekktu efni. Flestar eru sögurnar byggðar á munnmælum og sögum sem voru til þegar íslendingasögurnar voru ritaðar og hefur Vésteinn Ólason haldið því fram að sennilega hafi munnmæli og ritaðar sögur lifað saman að einhverju marki fyrstu aldirnar.⁵ Hálf öld eða þar um bil líður á milli ritunartíma þeirra sagna sem minnst er á hér að ofan, *Egils sögu* og *Brennu-Njáls sögu*, og má vel sjá þróunina sem hefur orðið á þessum tíma í sagnaritun Íslendinga á þessum tveim sögum. Ekki er vitað hverjir skrifuðu þessi meistaraverk íslenskrar bókmenntasögu en margir hafa eignað Snorra Sturlusyni *Egils sögu* og talið hana ritaða á árunum 1220 – 1241 en talið er að höfundur *Brennu-Njáls sögu* hafi ritað hana undir

² Sigurður Nordal, „Formáli“, *Egils saga*.

³ Sigurður Nordal, *Um íslenskar fornsögur*, bls. 152-154.

⁴ Einar ÓL. Sveinsson, „Formáli“, *Laxdæla saga*.

⁵ Vésteinn Ólason, *Samræður við söguöld*, bls. 18-19.

lok þrettánda aldar. Þróunina sem sjá má er að sögur verða listrænni í lýsingum á fólki og atburðum og Njála hefur lengi verið talin mest allra Íslendingasagna einmitt vegna þeirrar miklu listrænu sem í henni er.⁶ Hins vegar hefur fjórtánda öldin iðulega verið talin hnignunarskeið bókmenntagreinarnar og frá þeirri öld er Króka-Refs saga.

2 Króka-Refs saga

Króka-Refs saga segir frá ungum sveini sem ber nafnið Refur. Fyrstu árin lofar hann ekki miklu þar sem hann veltist um fyrir fótum manna við eldinn en þegar faðir hans andast þá fer Refur að mannast. Eftir lát föður Refs hefur móðir hans ráðið til sín fjárhirðir sem er veginn af nágranna þeirra. Nágranni þessi, Þorbjörn að nafni, ásælist beitarland þeirra mæðgina og vegur fjármanninn til að eiga greiða leið að beitarlandinu. Við þennan atburð er eins og Refur vakni til lífsins og fullorðnist. Hann hefnir fjármannsins með því að drepa Þorbjörn og flýr svo til móðurbróður síns. Þar kemur í ljós að Refur er hagleikssmiður og hann smíðar sér skip sem hann fer á til Grænlands. Þegar þangað er komið byggir hann sér skála og fljótt eignast Refur konu og með henni þrjá hrausta syni. Refur lendir í deilum við nágranna sinn og fjóra syni hans á Grænlandi en vegur þá alla. Síðar sendir Haraldur, konungur Noregs, sendimann sinn til Grænlands til að færa sér „tönn ok svörð“. Refur smíðar sér mikið virki í firði einum á Grænlandi og getur ekkert unnið á virki þessu. Sendimaður konungs, Bárður að nafni, snýr til Noregs og segir konungi gátu sem Refur lagði fyrir hann og enginn hefur getað ráðið en konungur ræður gátuna. Bárður snýr aftur til Grænlands að finna Ref en Refi tekst að flýja til Danmerkur þar sem hann fær skjól hjá Sveini Danakonungi. Sögunni lýkur svo á því að Refur, sem í Danmörku ber nafnið Sigtryggur, fer í pílgrímsför til Rómar og lætur lífið þar. Sagan segir frá manni sem hafði miklar gáfur, mikla úrræðasemi og var sniðugur, sem var vinsælt söguefni í Evrópu á miðöldum, hvort sem var á Íslandi, Englandi eða á Ítalíu.

Íslendingasögur sem skrifaðar voru í byrjun fjórtánda aldar og fram á hana miðja hafa verið álitnar undir þó nokkrum áhrifum frá fornaldarsögum og riddarasögum en Króka-Refs saga er samin um eða eftir miðja fjórtánda öld var. Sagan hefur þótt bera öll einkenni þess vera skrifuð undir þessum áhrifum og sem er, samkvæmt Stefáni

⁶ Stefán Einarsson, *Íslensk bókmenntasaga 874 – 1960*, bls. 171-183.

Einarssyni, bæði fyndin og kímín.⁷ Stíll Króka-Refs sögu er ólíkur stíll Íslendingasagna því í megindráttum má lýsa Íslendingasagna stílnum sem hófstílltum, oftast er sagt frá mönnum og atburðum á hlutlausan hátt. Þá er sögupersónunum lýst utan frá og þeim gefnar ákveðnar einkunnir eins og: „garpur mikill“ eða „vitur og forspár“. Út frá þessum einkunnum sem persónunum eru gefnar mótar lesandinn sér skoðanir á þeim og yfirleitt má alltaf treysta því að umsagnirnar séu sannar. Þær móta afstöðu lesandans til sögunnar og atburðarrásarinnar sem á eftir fer og leiða hann í gegnum verkið öruggum höndum.⁸ Í Króka-Refs sögu er að finna ýmislegt sem einkennir Íslendingasögur en þó á hún meira sameiginlegt með fornaldarsögum og riddarasögum og er flokkuð sem ungleg ýkjúsaga á *Íslenskri bókmenntasögu II* þó að tekið sé fram að hún sé sérstök á meðal þeirra því ekki er að finna neitt yfirnáttúrulegt í Króka-Refs sögu. Refur lendir í mörgum ótrúlegum ævintýrum og enginn jafnast á við Ref í gáfnafari nema Haraldur harðráði Noregskonungur.⁹ Á því má reyndar sjá tengsl við Íslendingaþætti þar sem þeir hefjast yfirleitt á kynningu aðalpersónunnar og frásögn af brottför hennar frá Íslandi og í þeim stefnir aðalsögupersónan jafnan að því að auka heiður sinn með því að etja kappi við konunga og gerir það ávallt með sóma, alveg eins og Króka-Refur gerir.¹⁰

Bent hefur verið á að Króka-Refs saga muni vera skáldskapur frá upphafi til enda og margt sem bendir til þess, eins og það að sagan hefst þegar Hákon Aðalsteinsfóstri er konungur en hann lést um árið 960 og þá er Refur enn barn. Þegar síðan Refur, ungur að aldri, fer til Grænlands og svo þaðan til Noregs þá er Haraldur Sigurðsson harðráði konungur en hann settist ekki á valdastól fyrr en árið 1046 svo að þarna er áttatíu ára eyða í sögunni. Þetta getur bent til þess að höfundur sögunnar hafi ekki vitað hvenær einstakir konungar sátu í Noregi en hitt er líklegra að höfundur hafi verið vel kunnugt um þetta og hreinlega viljað að lesendur vissu að sagan væri skáldskapur því hún var ætluð til skemmtunar eingöngu.¹¹ Kannski má finna þarna vísi að tilraun til að semja skáldsögu á fjórtánda öld því þó sagan sé að mörgu leyti lík byggingu Íslendingasagna þá bendir þetta til að höfundur hafi haft það eitt að markmiði að skrifa skemmtisögu og gert það í því formi sem var vinsælast hér á Íslandi á þeim tíma sem sagan var skrifuð.

⁷ Stefán Einarsson, bls.186.

⁸ *Íslensk bókmenntasaga II*, bls. 54 og 82.

⁹ Sama rit, bls. 157.

¹⁰ Sama rit, bls. 31.

¹¹ Jóhannes Halldórsson, „Formáli“, bls. XXXIII – XXXIX.

Króka-Refs saga er varðveitt í heilu lagi í einu skinnhandriti, ÁM 471, 4to (A), til eru brot af sögunni í tveimur skinnhandritum til viðbótar en flestu varðveittu handritin af sögunni eru pappírshandrit. Elsta handritið sem vitað er til að sagan var varðveitt í er *Vatnshyrna*, handrit sem brann í brunanum mikla í Kaupmannahöfn árið 1728, en til eru uppskriftir af mörgum sögum úr því handriti, skrifaðar upp af Katli Jörundarsyni, og er einmitt til uppskrift af *Króka-Refs sögu* með hans hendi. Til að miða út áætlaðan ritunartíma sögunnar hefur verið stuðst við það að sagan hafi verið í *Vatnshyrnu*, handriti sem vitað er að var skrifað seint á fjórtánda öld. Í formálanum að *Króka-Refs sögu* í *Íslenskum fornritum* segir Jóhannes Halldórsson að mjög líklegt sé að sagan sé frá öðrum fjórðungi fjórtánda aldar, aldursákvörðun sem studd hefur verið af fleiri fræðimönnum, til dæmis Konrad Maurer.¹² Þó er varla hægt að aldursgreina hana nákvæmlega og þannig séð gæti hún verið jafn gömul bæði *Tídægru* og *Kantaraborgarsögum*. Ekki er auðvelt að setja söguna í einhvern ákveðinn flokk sagna, hún er ekki dæmigerð Íslendingasaga, ekki heldur dæmigerð fyrir Íslendingaþætti og því hafa fræðimenn átt í erfiðleikum með að staðsetja söguna en þó er hún oftast sögð tilheyra hinum yngri Íslendingasögum og sögð vera ungleg ýkjúsaga.

Árið 2011 kom út meistaraprófsritgerð eftir Kristin Fridtun sem ber nafnið: „*Króka-Refs saga - ein bokleg revkrok?*“. Þar nálgast hún söguna frá mörgum hliðum en helsti tilgangur Fridtun í ritgerðinni er að staðsetja söguna á meðal Íslendingasagna. Hún hugleiðir hvernig saga *Króka-Refs saga* sé og í hvaða tilgangi hún hafi verið skrifuð. Fridtun heldur því fram að *Króka-Refs saga* sé „úti að leika sér“, að höfundur sögunnar nýti sér arf frá eldri Íslendingasögum, fornaldarsögum og riddarasögum og að sagan sé ævintýri í sögubúningi. Sem sagt að á ferðinni sé ævintýrasaga sem sé sett fram sem Íslendingasaga,¹³ sem er að mörgu leyti líkt þeirri kenningu sem sett er fram í þessari ritgerð þó hér sé tekinn örlítill annar póll í hæðina því hér verður frekar reynt að setja söguna í samhengi við sagnaskrifun í Evrópu á sama tíma.

Þegar *Króka-Refs saga* er skoðuð í því ljósi að um sé að ræða skáldaða skemmtisögu opnast margir möguleikar til túlkunar á sögunni. Sama segir Fridtun í sinni ritgerð þar sem hún rannsakar söguna og hún bendir þar á að það sé ótal margt sem bendi til þess að höfundur *Króka-Refs sögu* hafi nýtt sér hefðir úr ólíkum áttum, að hann hafi blandað saman rómönsuhefðinni og Íslendingasagnahefðinni til að búa til sitt verk með þeirri útkomu að *Króka-Refs saga* er létt og skemmtileg saga með mörgu af

¹² Jóhannes Halldórsson, bls. XXXVII-XXXVIII.

¹³ Fridtun, *Króka-Refs saga – ein bokleg revkrok?*, bls. 5 og 113.

Því besta sem má finna í bókmenntum frá þessum tíma. Hér verður því haldið fram að það eigi ekki aðeins við um innlendar bókmenntir heldur megi einnig finna samnefnara í evrópskum bókmenntum þar sem tveir helstu höfundar fjórtándu aldar í Evrópu, þeir Boccaccio og Chaucer skrifuðu margar litlar skemmtisögur inn í sín helstu verk, *Tídægru* og *Kantaraborgarsögur*. Í sérvöldum sögum í þeim verkum má finna mörg sömu minni og í Króka-Refs sögu.

3 *Kantaraborgarsögur* Chaucers og *Tídægra* Boccaccio

Geoffrey Chaucer (um 1343-1400) var fæddur í London, en hvaða ár nákvæmlega er ekki vitað með vissu þó árið 1343 sé árið sem helst næst samstaða um nú á tímum. Hann var kominn af vínkaupmönnum og á fullorðins árum gengdi Chaucer ýmsum ábyrgðarstörfum fyrir enska konunginn en þau störf fólu í sér umtalsverð ferðalög, m.a. til Ítalíu. Talið er að Chaucer hafi skrifað *Kantaraborgarsögur* á árunum frá 1387 uns hann lést frá þeim ókláruðum árið 1400.¹⁴ *Kantaraborgarsögur* fjalla um hóp af fólki sem fer í pílgrímsferð til Kantaraborgar. Fólk þetta er af hinum ýmsu stigum þjóðfélagsins og til að sjá hversu breiður hópur þetta var mætti nefna nokkra sem voru þar á meðal: riddara, malara, kaupmann, stefnuvott og nunnu. Þetta ólíka fólk hittist á krá einni þar sem þau sammælast um að verða samferða það sem eftir er leiðarinnar. Á kránni tekur gestgjafinn þar sig til og spyr hvort þau eigi ekki að skiptast á að segja sögur á leiðinni til að láta tímann líða og ákveðið er að hver segi tvær sögur á leiðinni til Kantaraborgar og tvær sögur á leiðinni til baka og að sá sem segi bestu sögunar vinni fría máltíð á kránni í bakaleiðinni. Aðalatriðið í verkinu eru sögurnar sem þau segja sem eru sjálfstæðar sögur innan þessa ramma og má að einhverju leyti sjá innri mann hvers og eins endurspeglast í sögunni sem hann segir. Til dæmis segir riddarinn rómönsu um tvo riddara sem eru fangaðir og verða ástfangnir af sömu konunni. „Saga Riddarans“ er full af heiðri og gjörvuleika og gildi hans speglast í sögunni sem hann segir. Þessi saga er fyrsta sagan í verkinu og næst á eftir henni kemur „Saga Malarans“ sem segir frá eldri manni sem fær sér unga konu og hvaða óhamingja geti af því hlotist þegar gamlir menn taka sér miklu yngri konur. Sú saga er skopleg og er í algjörri andstæðu við sögu riddarans .

¹⁴ Benson, „Formáli“, *The Riverside Chaucer*, bls. 3.

Því miður vannst Chaucer ekki tími til að klára verkið því og því eru það sem áttu líklega að vera hundrað og tuttugu sögur ekki nema rétt um tuttugu sögur. Varðveist hafa um áttatíu handrit sem hafa að geyma allar sögurnar eða einhvern hluta og af þeim eru fimmtíu og fimm handrit sem allar sögurnar eru í. Þessi rúmlega fimmtíu handrit eru misjafnlega vel varðveitt og um þau tuttugu og átta handrit sem varðveist hafa til viðbótar er ekki vitað hvort þau voru upphaflega hluti af stærra handriti eða hvort þau hafi alltaf innihaldið eina eða nokkrar sögur.¹⁵ Ekki er vitað nákvæmlega hvenær Chaucer byrjaði á *Sögunum* en það er þó almenn trúá meðal fræðimanna í Englandi að Chaucer hafi verið byrjaður að skrifa smásögur, eða styttri sögur, og átt nokkrar sögur tilbúnar þegar honum kom í hug fullkominn rammi fyrir sögurnar sínar. Rammi þessi var þá píligrímsferðin til Kantaraborgar. Ekki var óþekkt að setja margar styttri sögur saman á þennan hátt, til var sagnasafnið *Þúsund og ein nótt* þar sem svipað form var að finna. Þó gera flestir ráð fyrir því að Chaucer hafi fengið hugmyndina að *Kantarborgarsögum* frá *Tíðægri* eftir Boccaccio en ekki eru til neinar beinar sannanir fyrir því að Chaucer hafi þekkt Boccaccio þó að líkindin á milli sagna þeirra gætu bent til þess.¹⁶ *Kantarborgarsögur* voru gefnar út á prenti í fyrsta sinn í kringum árið 1478 og var það maður að nafni William Caxton sem sá um útgáfuna og er þetta meðal elstu prentuðu bóka þar í landi.¹⁷ Af því má ráða að Chaucer var snemma álitinn meðal helstu skálda Englands og fyrsta viðurkenningin á verkum hans kom frá Frakklandi árið 1385 þegar vinur Chaucers kom þaðan með heiðursljóð til hans eftir Eustache Deschamps þar sem vísað er til Chaucers sem heiðursmanns og mikils þýðanda sem hafi fært enskum lesendum franska ástarljóðið *Le roman de la rose*.¹⁸

Giovanni Boccaccio (1313-1375) var borinn í þennan heim óskilgetinn sonur stórkaupmannsins og bankamannsins Boccaccino og konu sem er óþekkt. En þó að Boccaccio væri óskilgetinn þá tók faðir hans hann inn á heimili sitt, gekkst við honum, ól hann upp og sá til þess að hann fengi góða menntun. Boccaccio fluttist með föður sínum til Napolí þegar hann var unglingur að aldri og þar gekk hann í háskóla. Snemma beygðist hugur Boccaccio að skáldskap og á meðan hann bjó í Napolí skrifaði hann rómantískar hetjusögur. Þegar faðir hans þurfti að flytjast aftur til Flórens árið 1341 fylgdi Boccaccio honum eftir. Árin sem á eftir komu voru ekki auðveld fyrir þá feðga en þó má gera ráð fyrir að á þeim tíma sem í hönd fór hafi Boccaccio byrjað að leggja

¹⁵ Cooper, *Oxford guides to Chaucer, The Canterbury Tales*, bls. 5-6.

¹⁶ Benson, *The Riverside Chaucer*, bls. 3.

¹⁷ Chaucer, *Kantarborgarsögur*, bls. 348.

¹⁸ Crow og Leland, „Chaucer's Life“, *The Riverside Chaucer*, bls. xi.

grunninn að mesta verki sínu, *Tíðægru*, þó að sennilega hafi hann ekki hafið að rita *Tíðægru* fyrr en árið 1348 og lokið við verkið ekki seinna en árið 1352.¹⁹

Tíðægra gerist í Flórens á Ítalíu á tímum plágunnar miklu sem reið yfir Ítalíu um það leyti sem Boccaccio situr við skriftir og fjallar um ung hefðarmenni sem hittast í kirkjunni Santa Maria Novella, sjö ungar konur og þrjú unga menn. Þau ákveða að fara öll saman upp í sveitina í kringum Flórens, flýja óheilbrigða loftið í borginni og fara í heilbrigðið í sveitinni. Ungu fólkið fer, ásamt þjónustufólki, til hæðanna sem umlykja Flórens og dvelja þar í góðu atlæti á hinum ýmsu sveitarsetrum. Þau ákveða að, til þess að láta tímann líða þá segi hvert þeirra eina sögu á dag. Á meðal ungmennanna er útnefnd ein drottning eða einn kóngur sem á að stýra hverjum degi, ákveða viðfangsefni sagnanna og sjá til að allt gangi vel fyrir sig.

Sjá má líkindi með formgerð verka Boccaccio og Chaucer, hjá báðum er um að ræða hóp af fólki sem styttir sér stundir með því að segja sögur, þó að líkindin risti ekki mikið dýpra því í verki Chaucers er til að mynda um að ræða fólk úr mismunandi stéttum þjóðfélagsins á meðan að í verki Boccaccio er um ræða fólk úr efri stéttum og söguumgörðin er einnig mjög ólík. Þó eru sögurnar aðalatriðið í báðum verkum og finna má margar svipaðar sögur í þeim. Fleiri líkindi má finna með Boccaccio og Chaucer þar sem báðir skrifuðu sögur um Troilus og Criseyde og heitir sú saga *Troilus and Criseyde* hjá Chaucer en hjá Boccaccio heitir sagan *Filostrato*. Sögurnar fjalla um sama efni og fylgja sömu tímalínu þó að nokkur munur sé á þeim þar sem sagan verður meiri í meðförum Chaucers, hann leggur meira upp úr samtölum og læðir inn í þau fleiri siðferðislegum spurningum. Fyrsta sagan í *Kantaraborgarsögum*, „Saga Ríddarans“, er í aðalatriðum mjög lík sögu eftir Boccaccio sem heitir *Teseida*. Þriðja sagan í *Kantaraborgarsögum* Chaucers er „Saga Ráðsmannsins“ og einnig hún á sér hliðstæðu í *Tíðægru*.

„Saga Ráðsmannsins“ er um svikulan malara sem leggur það í vana sinn að stela hluta af korninu sem hann er að mala fyrir viðskiptavini sína. Tveir stúdentar frá nálægum háskóla ætla sér að sanna á malarann stuldinn og fá gistingu hjá honum. Annar stúdentinn rennir hýru auga til dóttur malarans og um nóttina læðir hann sér í rúmið til hennar. Félagi hans vill ekki vera minni maður og beitir brögðum til að kona malarans lendi í rúminu hjá sér. Mjög svipaða sögu er að finna hjá Boccaccio í sjöttu sögu á níunda degi í *Tíðægru* en sú saga er merkilega lík sögu ráðsmannsins í

¹⁹ Bergin, „Formáli“, *The Decameron*, bls. xxi.

Kantaraborgarsögum. Þó margt megi finna sem er ólíkt, eins og til dæmis að í sögu Boccaccio er ekki um að ræða malara og fjölskyldu hans heldur venjulegan bónda, eiginkonu hans og dóttur, þá stendur upp úr að í báðum sögunum eru það tveir ungir aðkomumenn sem gilja eiginkonur húsráðenda og dætur. Báðar þessar sögur eru skemmtilegar aflestrar, þær segja frá ákveðinni útsjónar- og úrræðasemi sem birtist í því hvernig annar vinurinn færir vögguna og tekst þannig að blekkja eiginkonuna í rúmið til sín, og einnig því hvernig eiginkonur hinna kokkáluðu manna finna leið til að gera gott úr öllu daginn eftir.

Meginþema í þessum tveimur sögum er hvernig sögupersónunum tekst með útsjónarsemi sinni að snúa slæmum aðstæðum í góðar. Um „Sögu Ráðsmannsins“ í *Kantaraborgarsögum* segir fræðimaðurinn Gillian Rudd að raunar væri hægt að túlka söguna þannig að hún snúist um það hvernig eigi að jafna metin. Í sögunni sé einnig ákveðin kaldhæðni í ljósi þess að kona malarans sé prestsdóttir, þar sem prestar máttu ekki giftast og eignast börn. Sagan er þannig stutt skemmtisaga og í heimi sögunnar eru það vitsmunir og kænska sem ráða.²⁰

4 Tákn og orðræða í sögunum

Fljótt á litið eiga *Kantaraborgarsögur* eftir Chaucer, *Tídægra* eftir Boccaccio og Króka-Refs saga lítið annað sameiginlegt en að vera skrifaðar á sömu öld í gamansömum dúr. Þar sem ógjörningur er að tímasetja Króka-Refs sögu nákvæmlega er ekki hægt að ganga lengra en svo að hugsanlega sé hún elst sagnanna þriggja en líka kemur til greina að hún sé álíka gömul *Tídægru* þó að ekki sé heldur útilokað að hún sé nær *Kantaraborgarsögum* í aldri.

Umræður um hvort Chaucer hafi þekkt til Boccaccio og verka hans hafa verið háværar í gegnum tíðina og ennþá eru menn ekki vissir um hvort svo hafi verið. Segja má að fræðimenn skiptist í tvær fylkingar þar sem önnur fylkingin þykist þess fullviss að Chaucer hafi þekkt verk Boccaccio á meðan hin fylkingin heldur því fram að Chaucer hafi ekki þekkt til Boccaccio heldur eigi líkindi sagnanna sem þessir tveir höfundar rituðu rætur að rekja til sameiginlegs evrópsks sagnaarfs. Ástæðan fyrir því að „Saga Ráðsmannsins“ eftir Chaucer á sér svona augljósa hliðstæðu í einni af sögum *Tídægru* eftir Boccaccio þurfi ekki endilega að vera sú að Chaucer hafi þekkt verk

²⁰ Rudd, *The Complete Critical Guide to Geoffrey Chaucer*, bls. 116.

Boccaccio heldur getur verið að báðir hafi þeir sótt fyrirmyndina að sögum sínum til Frakklands. Almennt er talið að fyrirmynd Chaucer að sögunni sem sögð er af ráðsmanninum sé ekki að finna hjá Boccaccio heldur í franskri fábylju.²¹ En fræðimaðurinn Peter G. Beidler segir í grein sinni: „Chaucer's Reeve's Tale, Boccaccio's Decameron, IX, 6, and two `soft' German analogues“, að sennilega hafi Chaucer þekkt sögu Boccaccio því að svo margt sé líkt með sögunum en einnig að ekki sé hægt að horfa fram hjá því að Chaucer hafi líka þekkt frönsku söguna sem ber nafnið *Le meunier et les. II. clers* þar sem að í henni komi fyrir malari, eiginkona hans og dóttir þeirra, eins og í sögu Chaucers. Minnið í þessum sögum var vel þekkt á miðöldum og er nefnt: „Bragðið með vögguna“ (e. Cradle trick story). Samkvæmt Beidler voru á miðöldum til að minnsta kosti fimm sögur með þessu minni, sögur sem hugsanlega gætu verið fyrirmynd sagna Chaucer og Boccaccio²² Á þessu sést að sennilega hafi Chaucer og Boccaccio báðir þekkt frönsku söguna og því hægt að álykta sem svo að þeir hafi að einhverju marki sótt í sama sagnabrunn þegar þeir voru að skrifa *Kantaraborgarsögur* og *Tídægru*.

Hugsanlegt er að þar sem svo margar sögur hjá Chaucer noti svipuð minni og sjást í sögum Boccaccio séu þau almenns eðlis og þar með er ekki útilokað að höfundur Króka-Refs sögu hafi seilst til sömu sagnahefðar við ritun á sinni sögu. Þar sem þær eru allar skrifaðar á svipuðum tíma þá á leitin að hliðstæðum ákveðinn rétt á sér þó ekki sé endilega verið að leita að texta- eða rittengslum heldur tengslum sem myndast vegna þess tíðaranda sem þær eru sprotnar úr. Í öllum sögunum leika blekkingaleikur og úrræðasemi mikið hlutverk og allar eru þær sannarlega í anda skemmtisagna. „Saga Ráðsmannsins“ hjá Chaucer sýnir merki um þetta allt og er ætlunin að sýna fram á að sökum þess að sú saga og Króka-Refs saga eru frá sama tíma þá megi af því ráða að höfundur sögunnar um Króka-Ref hafi verið sér meðvitaður um bókmenntalega strauma í Evrópu og hvað var vinsælasta söguefnið meðal almennings þar og þess vegna viljað rita sína sögu í sama anda. Séu þessar tvær sögur bornar saman sést að andinn í þeim er sá sami og þó form þeirra sé að mörgu leyti ólíkt þá fjalli þær þó báðar um hvernig hægt sé að bjarga sér með orðheppni og vitsmunum. Ef miðað er við að rómönsuhefðarinnar og fleiri bókmenntastrauma var farið að gæta á Íslandi um miðja fjórtánda öld þegar Króka-Refs saga var skrifuð þá er ekki ólíklegt að höfundur sögunnar hafi haft aðgang

²¹ Benson, Larry D., „The Canterbury Tales“, *The Riverside Chaucer*, bls. 8.

²² Beidler, „Chaucer's "Reeve's Tale", Boccaccio's "Decameron", IX, 6, and Two "Soft" German Analogues.“

að evrópskum fábyljum, sögum sem sögðu frá því hvernig mönnum tókst, með kænsku, að snúa aðstæðum sér í hag. Og ef höfundur Króka-Refs sögu hefur haft aðgang að evrópskum smásögum í fábyljuformi þá er líka hægt að segja með nokkurri vissu að hann hafi vitað hvað var vinsælast í bókmenntum á þessum tíma og þannig er ekki óvænt að hann hafi viljað skrifa sína sögu í þeim anda.

Króka-Refs saga og „Saga Ráðsmannsins“

Sögurnar tvær eru ólíkar að að mörgu leyti, reyndar eru þær ólíkar við fyrstu sýn. En ef litið er nær og sögurnar skoðaðar út frá bókmenntalegum sjónarmiðum þá sést að margt er líkt með þeim. Báðar eru þær stuttar skemmtisögur og báðar fjalla þær um ráðkænsku og snilli. Ef litið er framhjá söguheimi sagnanna og eingöngu horft á fléttuna sem í þeim er þá er hægt að sjá líkindi sem sennilega eru samevrópsk því á fjórtándu öld voru sniðugt og ráðagott fólk mjög vinsælt söguefni. Sérstaklega áberandi verða þá sögur um fólk úr lægri stéttum þjóðfélagsins sem tókst að snúa á samborgara sína með því að sýna kænsku.

Fábyljur sáust fyrst í Frakklandi á tólftu öld, það voru stuttar sögur sem sóttu efni sitt í goðsagnir en staðfærðu svo efnið á franskt millistéttarumhverfi. Sögurnar voru að einhverju marki skopstælingar á riddarasögum, ádeilukenndar og annað hvort grófar eða léttúðugar.²³ Ekki er með góðu móti hægt að flokka Króka-Refs sögu sem dæmigerða fábylju en sagan hefur þó til að bera ákveðin léttleika sem einkennir fábyljur sem skrifaðar voru á miðöldum. Þó að Króka-Refs saga beri líka ýmis dæmigerð einkenni Íslendingasagna og Íslendingaþátta þá sker sagan sig samt frá þeim því að á sögunni eru ýmis fábyljueinkenni sem lýsa sér í því að aðalsöguhetjan er bragðarefur og hefur sitt fram með kænskubrögðum.

Í upphafi Króka-Refs sögu er Refur Steinsson, aðalsögupersónan, sagður systursonur Gests af Barðaströnd, manns sem hafði viðurnefnið „getspaki“ og var talinn allra manna vitrastur á Íslandi. Þar er strax gefið í skyn að Refur hafi ekki langt að sækja þær gáfur sem síðar kemur í ljós að hann hefur. Af tiltali föður Refs við Þorbjörn nágranna þeirra, sem í leyfisleysi beitti fé sínu á jörð þeirra sést að orðheppnina hefur Refur heldur ekki langt að sækja.

Þanninn er farit, at þú hefir búit í grennd við mik tvá vetr, ok hefir okkar verit í milli heldr vel en illa, en þú ert kallaðr maðr

²³ *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*, bls. 81.

ekki vinsæll af alþýðu. Hefi ek önga raun af þér haft né þinni eign allt hingat til, en nú leggst fé þitt í engjar mínar, ok beitast þær. Nú vil ek, at þú látir skipast við mína umræðu ok látir betr geyma fjárins en hér til hefir verit. Kann ok vera, þar sem ek er engi skrökmaðr, at til verði einhverr at trúa mínum orðum, þeir er þik deili málum; má ek þá slíkt fram bera, at eigi hefir þú mér sýnt ójafnað eða mit með röngu ágirntz.²⁴

Á því er enginn vafi að Steinn, faðir Refs, hefur verið vel máli farinn og átt gott með að orða hlutina vel svo ekki hlytist af misskilningur. Enda fór það svo að Þorbjörn tók máli hans vel og sagði að aldrei hefði nokkur maður talað svo vel til sín og því skyldi hann sjá til þess að fé sitt færi ekki inn á túnin hjá Steini. Þegar faðir Refs deyr þá byrjar Þorbjörn aftur að beita féi sínu á túnin hjá þeim mæðginum sem endar með því að fjármaðurinn þeirra deyr. Eftir þann atburð er eins og Refur verði loksins að manni, hann vegur Þorbjörn og fer svo til móðurbróður síns. Hjá Gesti kemur í ljós að Refur er hagleikssmiður, hann smíðar sjálfur bátinn sem hann fer á til Grænlands. Þegar Refur er kominn til Grænlands þá fer fyrir alvöru að sjást hvílikur maður hann er. Fyrir utan að vera vel byggður og sterkur þá er hann óvenju gáfaður og þeir sem Refur á samskipti við eru alls ekki jafn vel viti bornir og hann, enginn nema konungur Noregs. Eftir að Refur hefur vegið fimm feðga, til að bjarga mannorði sínu, þá fer hann í felur í firði einum á Grænlandi. Þar byggir hann mikið virki og þykjast menn aldrei hafa séð jafn fagra smíð. Þegar Bárður og Gunnar finna virkið og tekst ekki að bera eld að virkinu vegna hugvitssamlegrar uppfinningar Refs þá segir Refur við þá að þeim komi aldrei til með að takast að vinna á sér nema þeir fái ráð fá sér betri mönnum.

Refr mælti: „Eigi þér né Grænlandingum verðr þess auðit at standa yfir mér dauðum, þótt ek sé hér jafnmarga vetr aðra, nema þér njótið yðr vitrari manna við.“²⁵

Bárður og Gunnar snúa frá og Bárður fer aftur til Noregs. Þar segir hann konungi sínum frá virkinu og konungur segir honum hvernig hann eigi að vinna á því. Bárður fer aftur til Grænlands vorið eftir og tekst þá að vinna á virkinu eftir ráðum konungs en aftur nær Refur að skjóta þeim ref fyrir rass því þegar virkið er alelda þá fellur sá veggur er snýr að sæ og skip rennur fram í sjó með Ref og fjölskyldu innan borðs og sigla þau í burtu.

²⁴ *Kjalnesinga saga*, „Króka-Refs saga“, Íslensk fornrit XIV, bls. 120.

²⁵ Sama, bls. 141.

Refr snýr þá inn aptr í virkit. Þeir auka nú eldana, ok var nú eisa mikil ok vátareykr ómattuligr. Ok í því heyra þeir brökun mikla í virkit, ok er minnst varði fellr sá virkishlutrinn, er fram horfði at sjónum. Þar var svá gegnt til ætlat, at virkit fell í skurðinn á framanverðan sævarbakkann; þat var svá slétt sem ein fjöl. En í því er virkit fell, rann þar eptir fram skip á hvélum ok þegar fram á sjóinn. Þeir Refr draga þegar segl upp; er á gol nökkut norðan eptir fjöllunum.²⁶

Refur er, eins og nafnið gefur til kynna, slægur maður, það er enginn sem slær honum við í gáfum og hugvitssemi nema konungur Noregs. Þó að þetta minni óneitanlega á ýmsa Íslendingaþætti, þar sem aðalsöguhetjan etur kappi sínu við konunga, þá er þarna líka að finna svipað svið og er sett upp í „Sögu Ráðsmannsins“ hjá Chaucer, þ.e. sniðugur blekkingaleikur og kænsla.

„Saga Ráðsmannsins“ í *Kantaraborgarsögum* fjallar um malara sem er montinn og sjálfsánægður. Malari þessi telur sig geta haft betur í viðskiptum sínum við unga skólamenn frá Cambridge, sem eru óneitanlega gáfaðari en hann, þar sem þeir eru namar í Cambridge. Sagan byrjar á því að malaranum er lýst á skoplegan hátt.

[...]þar sem malari dvaldi margt árið, rogginn karl og kátur eins og páfagaukur. Hann gat spilað á sekkjapípu, fiskað, riðið net, smíðað drykkjarmál í rennibekk, glímt og skotið vel af boga. Við beltið bar hann sverð, langt og flugbeitt, en í vasanum hafði hann snotran rýting – það var háski fyrir hvern mann að koma nálægt honum! Og Sheffieldhníf hafði hann í sokknum. Hann var sköllóttur eins og api, kringluleitur, og nefið uppbrett; og alræmdur var hann fyrir hrottaskap á markaðnum. Enginn þorði að styggja hann af ótta um líf sitt – hann bölvaði sér upp á að hver sem það gerði fengi það borgað á staðnum. Reyndar var hann mesti svikahrappur, og slóttugur að auki, og hann lagði það í vana sinn að hnupla korni og mjöli.²⁷

Af þessari lýsingu sést að malarinn er lítt höfðinglegur maður og hann heldur sjálfan sig meiri en hann er. Malarinn er giftur prestsdóttur, sem hann heldur að sé fínt og setji sig

²⁶ *Kjalnesinga saga*, „Króka-Refs saga“, bls. 148.

²⁷ Chaucer, *Kantaraborgarsögur*, „Saga Ráðsmannsins“, bls. 74. Enski textinn er tekinn úr: *The Riverside Chaucer*, bls. 78: *A millere was ther dwellynge many a day. As any pecok he was proud and gay. Pipen he koude and fische, and nettes beete, And turne coppes, and wel wrastle and sheete; And by his belt he baar a long panade, And of a swerd ful trenchandt was the blade. A joly poppere baar he in his pouche; Ther was no man, for peril, dorste hym touche. A Sheffeld thwitel baar he in his hose. Round was his face, and camus was his nose, As piled as an ape was his skulle. He was a market-betere atte fulle. Ther dorste no wight hand upon hym legge, That he ne swoor he sholde anon abegge. A theef he was sothe of corn and mele, And that a sly, and usaunt for to stele.*

ofar í virðingarstigann, en einmitt þar kemur vitleysi hans best í ljós. Ekki þótti nú fínt að vera dóttir prests því prestar máttu ekki giftast og því var konan óskilgetin og borin í synd. Þau áttu saman vel stálpaða dóttur og barnungan son. Malarinn átti í viðskiptum við skóla einn í Cambridge og lagði það í vana sinn að stela af þeim smá af korni og mjöli en þegar skólameistarinn í Cambridge varð veikur var enginn til að hafa eftirlit með malaranum svo að þá færðist hann allur í aukana og stal ennþá meira frá þeim af korninu. Tveir af nemendunum í skólanum fengu leyfi til að fara og reyna að sanna á malarann þjófnaðinn, en þeir þekktu eitthvað til hjá honum og renndi annar þeirra hýru auga til dóttur malarans. Þeir þóttust nú aldeilis vera klárari en malarinn og voru þess fullvissir að honum tækist ekki að svindla á þeim. En malarinn sá við þeim í þetta sinn og úr varð skoplegur hildarleikur.

Alan talaði fyrst: „Sælinú, Símon, hvernig líður dóttur þinni og konu?“

„Velkominn Alan“, sagði Simki. „Og þú hér líka John, ja hérna hér! Hvað er ykkur á höndum?“

„Almáttugur Kristur, Símon, neyðin brýtur lög“, sagði John.

„Sá sem enga hjálp fær hjálpar sér sjálfur, ef hann er þá aldæla, eins og þeir lærðu segja. Bryti vor er að drepast úr tannpínu í hausnum, og því er ég hingað kominn með Alan til að mala kornið og flytja það heim. Þú drifur í því, trúi ég.“

„Það verður gert“, sagði Simki, „vertu viss! En hvað gerið þið á meðan ég er að verki?“

„Ég skal standa hjá skammtaranum“, sagði John, „og sjá hvernig kornið gusast inn. Aldrei á minni ævi hef ég séð hvernig skammtarinn rykkist til.“

„Gerðu það, John“, svaraði Alan, „þá skaltu vita að ég verð fyrir neðan og horfi á hvernig kornið dettur oní trogið; ég þarf ekkert annað mér til gamans. Það er klárt, við erum eins að þessu leyti, John; báðir slakir malarar.“

Malarinn glotti að einfaldni þeirra og hugsaði:

„Þetta er bara trikk; þeir halda að enginn geti platað þá; en ég er malari og slæ ryki í augu þeirra, hvað sem allri þeirra fílósofí líður. Því slóttugri trikk frá þeirra hendi, þess meira stel ég í lokin. Þeir fá klíð í stað mjöls! Þeir lærðustu eru ekki altént vitrastir,“ sagði merin dag einn við úlfinn. Ég gef skít í allan þeirra bóklærdóm.“

Þegar hann hafði tök á læddist hann út og svipaðist um þangað til hann sá hest stúdentanna í tjóðri undir laufpakinu bak við mylluna. Hann gekk rakleitt að hestinum og rykkti beislinu af honum. Þegar hestinum hafði verið sleppt hljóp hann út á

mýrlendið þar sem hryssurnar gengu lausar; hneggjandi óð hann fram til þeirra í gegnum þykkt og þunnt.²⁸

Þegar stúdentarnir urðu varir við að hesturinn var sloppinn þá hlupu þeir af stað til að reyna að ná honum. Malarinn varð ánægður að áætlun sín skyldi ganga svo vel fyrir sig og stal óvenju miklu af korninu þeirra í þetta sinn. Undir kvöld, þegar ungu mennirnir höfðu náð hestinum eftir mikið erfiði, þá fengu þeir húsaskjól hjá malaranum og fjölskyldu hans. Þar sem svo langt var liðið á daginn þá beiddust þeir gistingar hjá malaranum og fengu hana. Um nóttina þá læddi annar þeirra sér í rúmið hjá heimasætunni en á meðan barmaði hinn sér yfir að fá ekki neitt gaman. En það átti þó eftir að breytast því með slægð þá færði hann vögguna, sem ungarbarnið svaf í, að fótagaflinum á sínu rúmi. Um nóttina þegar kona malarans vaknaði til að létta á sér þá lenti hún í rúminu hjá stúdentinum í bakaleiðinni því að þar sem vaggan var staðsett við fótagaflinn á hans rúmi hélt hún í svefnrofanum að þetta væri rúmið sitt. Þá var stúdentinn fljótur að átta sig á stöðunni sem upp var kominn og nýtti sér tækifærið vel. Morgunin eftir varð uppi fótur og fit og eftir umtalsverðar ryskingar höfðu stúdentarnir sig á brott og tóku með sér kökuna sem húsfreyjan hafði bakað úr mjölinu sem malarinn hafði stolið frá þeim. Þannig að sagan endaði með því að svikuli malarinn fékk aldeilis fyrir ferðina, kona hans og dóttir höfðu verið forfærðar og malarinn fékk engar bætur fyrir kvöldverðinn sem ungu mennirnir höfðu borðað hjá honum.

[...]En hvað um það, snúum nú öllu á betri veg. Því John,“ sagði hann, „það skaltu vita, ég skal aldeilis trukka stelpuna ef ég get.

²⁸ *The Riverside Chaucer*, bls. 80. Alan spak first: „Al hayl Symond, y-fayth! Hou fares thy faire doghter and thy wyf?“ „Aleyn, welcome,“ quod Symkyn, „by my lyf! And John also, how now, what do ye heer?“ „Symond,“ quod John, „by God, nede has na peer. Hym boes serve hymself that has na sqayn, Or elles he is a fool, as clerkes sayn. Oure manciple, I hope he wil be deed, Swa werkes ay the wanges in his heed; And forthy is I come, and eek Alayn, To grynde oure corn and carie it ham agayn; I prey yow spede us heythen that ye may.“ It shal be doon,“ quod Symkin, „by my fay! What wol ye doon whil that it is in hande?“ „By God, right by the hopur wil I stande,“ Quod John, „and sé howgates the corn gas in. Yet saugh I nevere, by my fader kyn, How that the hopur wagges til and fra.“ Aleyn answerde, John, and wiltow swa? Thanne wil I be bynethe, by my croun, And se how that the mele falles doun Into the trough; that sal be my disport. For John, y-faith, I may been of youre sort; I is as ille a millere as ar ye.“ This millere smyled of hir nycetee, And thoghte, „Al this nys doon but for að wyle. They wene that no man may hem bigyle, But my thrift, yet shal I blere hit ye, For al the sleighte in hit philosophye, the moore queynte crekes that they make, The moore wol I stele whan I take. In stide of flour yet wol I yeve hem bren, ‘The grettteste clerkes been noght wisest men, As whilom to the wolf thus spak the mare. Of al hir art counte I nogt a tare. Out at the dore he gooth ful pryvery, Whan that he saugh his tyme, softly, He looketh up and doun til he hath founde The clerkes hors, ther as it stood ybounde Bihynde the mille, under a levesel; And to the hors he goth hym faire and wel; He strepeth of the brydel right anon. And whan the hors was laus, he gynneth gon Toward the fen, ther wilde mares renne, Ans forth with „wehee,“ thurgh thikke and thurgh thenne.

Lögmálið veitir okkur uppreisn; ef manni er íþyngt að einu leyti, þá fær hann uppbót að öðru. Það neitar því enginn að korninu okkar var stolið – allt hefur snúist gegn okkur. Og þar sem maður fær engar skaðabætur, þá ætla ég mér uppbætur. Almáttugur Kristur, svo skal það vera.“

„Hafðu varann á, Alan!“ ansaði John, „Malarinn okkar er illur viðskiptis, ef hann hrekkur skyndilega upp getur hann unnið okkur mein.“

Alan gegndi honum: „Hann er meinlaus sem fluga!“

Hann fór fram úr og skreið uppí til stúlkunnar. Hún lá steinsofandi á bakinu; um það leyti er hún sá hann var hann kominn svo nálægt að það var of seint að reka upp óp. Í stuttu máli sagt, þau runnu ópara saman. En nú læt ég Alan um sinn leik og sný mér að John.

John lá þögull um nokkra hríð, en svo fór hann að kveina fyrir sjálfum sér:

„Ljóta klúðrið,“ sagði hann. „Hér er ég hreinlega hafður að apa, en kumpán minn fær bót við raununum, hann er kominn með dóttur malarans í fangið. Hann tók sjansinn og er aldeilis kominn í stuð, en ég má liggja hér í rúminu eins og ruslapoki. Og þegar sagt verður frá þessu gríni seinna meir, þá verður litíð á mig sem gungu og grey. Ég verð að far á færú og láta sjá – hrökkva eða stökkva, eins og sagt er!“

Hann stóð á fætur og gekk hljóðlega þangað sem vaggan var, tók hana upp og bar hana léttilega að fótagaflinum á sínu rúmi.

Litlu seinna hætti kona malarans að hrjóta og vaknaði. Hún fór út til að piss, kom aftur, og saknaði vöggunnar; hún þreifði fyrir sér fram og aftur, en gat ekki með neinu móti fundið hana.

„Jeminn góður,“ sagði hún, „ég hef villst og var nærri kominn upp í hjá stúdentunum. Hjálpi mér! Þetta er ljóta klandrið!“ Og hún hnikaðist áfram uns hún fann vögguna, Og enn leitaði hún fyrir sér með höfnunum un hún fann rúmið, og hélt að allt væri öruggt af því að vaggan stóð hjá því. Og vissi ekkert hvar hún var í myrkrinu, svo hún skreið uppí hjá stúdentinum. Hún lá kyrr og hefði sofnað, en smám saman fékk John rænuna og vippaði sér uppá þessa góðu konu. Þetta var besta hal sem hún hafði fengið árum saman[...].²⁹

²⁹ The Riverside Chaucer, bls. 82. But yet, na fors, al sal be for the beste. For, John, „seyde he, „als evere noot I thryve, If that I may, yon wenche wil I swyve. Som esement has lawe yshapen us, For John, ther is að lawe that says thus: That gif a man in a point be agreved, That in another he sal be releved. Oure corn is stoln, sothly, it is na nay, And we han had an il fit al this day; And syn I sal have neen amendement Agayn my los, I will have esement. By goddes sale, it sal neen other bee!“ This John answerde, „Alayn, avyse thee! The millere is a perilous man,“ he seyde, „And gif that he out of his sleep abreyde, He myghte doon us bathe a vileynye. Aleyn answerde, „I counte hym nat a flye.“ And up he rist, and by the wenche he crepte. This whenche lay uprighte and faste slepte, Til he so ny was, er she myghte espie, That it had been to late for to crie, And shortly for to seyn, they were aton. Now pley, Aleyn, for I wol speke of John. This John lith stille a furlong wey og two, And to hymself he maketh routhe and wo. „Allas!“ quod he, „this is a wikked jape; Now may I seyn that I is but an ape. Yet has my felawe somewhat for his harm; He has the milleris doghter in his arm. He auntred hym, and has his nedes sped, And I lye as a draf-sak in my bed; And when this jape is tald another day, I sal been halde a daf, a cokenay! Unhafdy is unseely, thus men sayth.“ And up he roos, and softely he wente Unto the cradel, and in his

Í þessari sögu sést allt sem einkenndi góða miðaldasögu. Mikill leikur og gaman og einnig fyndinn blekkingarleikur. En þessi minni sjást líka í Króka-Refs sögu eins og sést á því þegar Króka-Refur flýr til Noregs frá Grænlandi á skipinu sem hann smíðaði og geymdi í virkinu. Þegar Refur, kona hans og þrír synir koma til Noregs þá koma þau að landi í Þrándheimi. Refur fær spurnir af því að þar sé konungur staðsettur og fer til að sjá hann. Á meðan Refur og fjölskylda eru í Noregi þá leigja þau sér skemmu eina til að búa í, en Refur setur svo fyrir að kona hans skuli aldrei skilin ein þar eftir heldur skuli alltaf einhver vera hjá henni. Refur kallar sig Narfa á meðan hann er í Niðarósi og dulbýr sig sem gamlan mann áður en hann gengur á fund konungs. Konungur hafði hirðmann sem hét Grani og sem var kvensamur með afbrigðum. Á meðan Narfi og synir hans tveir gengu til þings hjá konungi varð þriðji sonur hans eftir hjá móður sinni í skemmumni. En þeim syni fór brátt að langa til að vita hvað gengi á á þinginu svo hann fór og ætlaði bara að vera skamma stund í burtu. En á meðan kemur Grani og sér konu Narfa þar einsama og hugsar sér aldeilis gott til glóðarinnar. En Narfi kemur heim á ögurstundu og sér hvar kona sín berst á móti Grana. Grani verður hans var og leggur á flóttu en Narfi nær honum og eftir nokkrar ryskingar þá drepur Narfi Grana. Narfi felur lík hans en hugsar sem svo að ekki hafi það verið gáfulegt að drepa manninn og sennilega best að segja konungi sjálfur frá viginu. Narfi fer fyrir konung og segir honum hvað hafi gerst en býr orð sín í gátu mikla sem enginn skilur neitt í, nema konungur. Eftir að Narfi hefur sagt konungi frá viginu fer hann strax til skips og siglir burt. En konungur spyr menn sína hvaða maður þetta hafi verið og hvar hirðmaður sinn sé. Enginn getur svarað þessum spurningum og þegar reynt er að finna Grana þá finnst hann hvergi. Konungi tekst nú af visku sinni að ráða orð Narfa sem enginn annar hafði botnað í, gerir sér grein fyrir að hann hafi vegið Grana og einnig hver Narfi muni hafa verið í raun.

Þeir tóku Nóreg um haustit ok kómu þar fyrst við land, sem heitir Æðey. Landsmenn spurðu, hverr skipi því stýrði. Hann

hand it hente, And baar it softe unto his besses feet. Soone after this the wyf hir rowtyng leet, And gan awake, and wente hire out to pisse, And cam agayn, and gan hit cradel mysse, And groped heer and ther, but she foond noon. „Allas!“ quode she, „I hadde almoost myssoon; Ey, benedicite! Thanne hadde I foule ysped!“ And forth she gooth til she the cradel fond. She gropeth alwey fortherwith hir hond, And foond the bed, and thoghte noght but good, By cause that the cradel by it stodd, And nyste wher she was, for it was derk; But faire and wel she creep in to the clerk, And lith ful stille, and wolde han caught a sleep. Withinne a while this John the clerk upp leep, And on this goode wyf he leith on soore, So myrie a fit ne hadde she nat ful yooore [...]

nefndist Narfi ok lézt vera íslenzkr maðr. Narfi spurði eptir, hvar konungr væri í landinu. Landsmenn sögðu hann var í Þrándheimi. Æðey er hálfu tylft suður frá Þrándheimi. Narfi sigldi þaðan inn til meginlands, leggr þar skipi sínu í einn leynivág, lægr þar eptir föruneysi sitt, en leigir sér sexæring einn ok leiðsögumann. Synir hans fara með honum ok kona hans. Menn hans skulu gæta þar skips.

Eigi er getit um ferð Narfa, fyrr en hann kemr til kaupbæjar í Niðarósi ok leigði sér þar skemmu eina. Þau dvöldust þar nökkurar nætr. Narfi bauð þeim á varygð mikla, at þeir gengi alrei svá frá skemmuni, at Helga væri þar ein eptir. Hann lét gera sér kufi bláan, hafði hann ok jafnan svarðreip um sik; skegg hafði hann ok látit binda sér hvítt, ok lézt hann vera gamall kaupmaðr, gekk nú jafnan svá búinn um torg. Spjót hafði hann í hendi á lágu skapti ok jární vafit skaptit.

Konungr var þar í bænum ok mikit fjölmenni. Hirðmaðr konungs hét Grani ok var kallðr Skálp-Grani, fríðr maðr sýnum ok barst á mikit at vápnum ok klæðum. Grani var vífinn ok kvensamr; gerði hann mörgum í því mikla skapraun. Varð honum þat nú þolat, er hann hafði konungs traust.

Svá bar til einn dag, at konungr hafði þig fjölmennt í bænum, ok var mönnum til blásit almenniliga. Narfi gekk til þings ok synir hans, Steinn og Þormóðr. Björn var eptir hjá móður sinni; ok eigi því síðr var honum forvitni á, hvat talat var þar á þinginu, ok ferr hann þangat.[...]

„Er ek hingat kominn,“ segir hann, „at ek vil mér konu kaupa.“ Hon bað hann ganga til þess í annan stað. Grani kvað þat ósæmiligt, at gamall maðr ætti unga konu, svá fríða ok fagra. Hon kveðst mundu vera fyrir honum sjálfráða. Grani kveðst ekki mundu vera faravandr ok tók til Helgu. Hon sprettr upp ok verst; slær þar í glímu, ok í því kemr narfi til gluggans ok sér inn. En er greni sér skuggan bera fyrir gluggann, þá slízt hann ór höndum Helgu ok leitar til dyranna. Narfi vildi ok komast fyrir dyrnar. Grani komst þá út fyrr ok hefir þegar á rás.[...]

Narfi gekk nú þangat til, sem þingit var. Þar var allmikill mannfjöldi ok þröng. Narfi þröngdist nú fram millum manna, þar til at hann kom fyrir konung. Í því bili talaði konungr um nauðsynjar manna. Narfi tók eigi því síðr til orða ok mælti svá: „Herra konungr,“ sagði hann, „vit Sverðhúss-Grani urðum saupsáttir í dag, er hann vildi fjallskerða konu mína, Ek stórkeraldaða hann í gegnum strábeygisauga. Þá langhúsaða ek, herra. Þá langhúsaði hann, herra. Þá hreiðrballaða ek hann, herra, en hann marghrossaði á mót. Þá fagröggvaða ek hann herra, en hann skipskeggjaði þá við. Þá lyngknappaða ek hann, herra, undir einn skíðgarð skammt í braut, ok váðvirhta ek yfir hann at lyktum.“ Narfi snýr þegar í brutt ok til skips síns ok hvatar nú mjök sinni ferð; létu ganga um kveldit ok um nóttina

suðr með landi, þar til er þeir kómu til skips Narfa. Þeir sigldu þá þegar til hafs.³⁰

Narfi hefur þarna mikið orðskrúð um hvað gerst hafi og engum tekst að ráða orð hans nema konungi. Á orðum Narfa sést hvað Refur var orðheppinn og kænn og kunni að haga orðum sínum þannig að enginn skildi nema gáfuðustu menn. Þarna sést einnig að búningurinn sem hann setur orð sín í er hnyttinn og líkur fábyljunni að því leyti að blekkingarleikurinn virðist hafa gildi í sjálfu sér. Þarna á sér stað mikill og sniðugur orðaleikur og með því að setja orð sín í dulmál þá tekst honum að komast undan því ef hann hefði haft ræðu sína skiljanlega öllum þá hefðu menn strax ráðist á hann til að hefna fyrir vígið á Grana. Með því að taka svona snilldarlega til máls tókst Refi að bjarga lífi sínu og sinna og komast burt frá landinu. Þannig er saga hans fyrst og fremst dæmisaga um hvernig klókindi og bellibrögð koma mönnum í hald, svipað og í „Sögu Ráðsmannsins“.

5 Lokaorð

Meðal þekktustu dæma um sögur í formi fábylju frá miðöldum eru einmitt textar Chaucer og Boccaccio. Þetta voru sögur sem voru stuttar og fullar af hnyttnum samtölum og ræðum.³¹ Með því að bera Króka-Refs sögu saman við „Sögu Ráðsmannsins“ hjá Chaucer kemur tilgangur höfundar sögunnar um Króka-Ref berlega í ljós. Þar sem vitað er að Króka-Refs saga snýst ekki um að færa lesendum sínum hefðbundna þekkingu um forfeðurna má gera ráð fyrir að hún hafi verið sett saman fyrst og fremst sem skemmtisaga. Sagan líkist að því leyti óneitanlega óhefðbundnum fornaldarsögum og riddarasögum og er saga um ævintýri manns sem sannar sig með ráðum og dáðum. En gjörðir Króka-Refs og orð bera þess óneitanlega vitni að sagan sækir ekki aðeins til fornaldar- og riddarasagna heldur einnig í sama sagnaarf og Chaucer og Boccaccio sóttu sem var fábyljan.

Því hefur verið haldið fram að Chaucer hafi þekkt til *Eddu* Snorra Sturlusonar en fræðimaðurinn Rory McTurk segir að finna megi ákveðin líkindi á milli „formála“

³⁰ *Kjalnesinga saga*, bls. 151-153.

³¹ Sótt af vef háskólans í Dusseldorf, http://user.phil-fak.uni-duesseldorf.de/~holteir/companion/Navigation/Text_Groups/Fabliaux/fabliaux.html. Sótt þann 3.5.2012.

Kantarborgarsagna og *Gylfaginningar* í *Snorra-Eddu*. Í *Gylfaginningu* þarf aðalsögupersónan, Gylfi, að sanna að hann sé vitrari en viðmælendur sínir, Hár, Jafnhár og Þriði, með því að spyrja þá spurninga alveg þangað til að þeir geti ekki svarað meiru. Og að þetta megi bera saman við sáttmálann sem pílgrímsfararnir gerðu í „Formála“ *Kantarborgarsagna* um að hver og einn þeirra segði sögur og að sá myndi vinna er segði bestu söguna.³² Eins segir McTurk að hugsanlega megi finna hliðstæðu á milli „Skáldskaparmála“ í *Snorra-Eddu* og ljóðs eftir Chaucer sem heitir *The House of Fame*. Textarnir séu eiginlega að öllu leyti um kveðskap og að báðir þessir textar endurspegli þá fornu hefð að fara í annan heim til að öðlast skáldskapargáfu.³³

Hafi Chaucer þekkt til *Eddu* hans Snorra Sturlusonar þá er ekki ólíklegt að höfundur Króka-Refs sögu hafi líka þekkt til verka evrópskra rithöfunda og skrifað í samræmi við það er var vinsælast í álfunni á 14. öld.

Sif Ríkarðsdóttir segir í bók sinni *Medieval Translations and Cultural Discourse* að talsverð hreyfing hafi verið á textum í Norður-Evrópu á miðöldum. Þegar Hákon Hákonarson var konungur í Noregi (1217-1263) þá voru samskipti við England mikil og góð. Þetta þýddi meðal annars að líklegt er að gjafir í formi handrita hafi verið algengar og þannig hafi franskir riddararómönsur borist til Noregs. Þessar sögur voru svo þýddar á norrænu og bárust að lokum til Íslands.³⁴

Þetta rennir enn frekar stoðum undir það að höfundur Króka-Refs sögu hafi þekkt til rómönsbókmennta og fleiri tegunda af sögnum, eins og fábyljunnar, því textar á miðöldum voru ekki staðbundnir heldur mjög hreyfanlegir. Þess vegna ætti að vera óhætt að álykta sem svo að sá maður eða kona sem skrifaði söguna um Króka-Ref hafi verið vel að sér í því sem var að gerast í heimi bókmenntanna í Evrópu á miðöldum og ákveðið að skrifa stutta, ævintýralega skemmtisögu í Íslendingasagna formi og úr hafi orðið sú saga sem við þekkjum undir nafninu Króka-Refs saga.

³² McTurk, *Chaucer and The Norse and Celtic Worlds*, bls. 2.

³³ Sama, bls. 24-25.

³⁴ Sif Ríkarðsdóttir, *Medieval Translations and Cultural Discourse*, bls. 17-18.

Heimildaskrá

- Benson, Larry D., „Introduction“, *The Riverside Chaucer*, 3. útgáfa, ritstj.: Larry D. Benson, Harvard University, Oxford: Oxford University Press, 2008.
- Beidler, Peter G., „Chaucer's "Reeve's Tale", Boccaccio's "Decameron", IX, 6, and Two "Soft" German Analogues,“ *The Chaucer Review*, Vol., 28, No. 3 (1994), bls. 237-251.
- Bergin, Thomas G., „Introduction“, *The Decameron*, þýð. Mark Musa og Peter Bondanella, Signet Classic, New York: New American Library, Penguin Group, 2002.
- Chaucer, Geoffrey, *Kantaraborgarsögur*, þýð. Erlingur E. Halldórsson, Reykjavík: Mál og Menning, 2003.
- Cooper, Helen, *Oxford Guides to Chaucer: The Canterbury Tales*, Oxford: Clarendon Press, 1989.
- Crow, Martin M. & Virginia E. Leland, „Chaucer's Life“, *The Riverside Chaucer*, 3. útgáfa, ritstj. Larry D. Benson, Harvard University, Oxford: Oxford University Press, 2008.
- Einar ÓL. Sveinsson, „Formáli“, *Laxdæla saga*, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1934.
- _____, *Ritunartími Íslendingasagna: Rök og rannsóknaraðferð*, Reykjavík: Hið Íslenska Bókmenntafélag, 1965.
- Fridtun, Kristin, *Króka-Refs saga – ein bokleg revkrok?*, Masteravhandling í nordisk litteratur, Institutt for nordistikkog litteraturvitskap, Det humanistiske fakultetet, Noregs teknisk-naturvitskaplege universitet, April 2011,.
- Hugtök og heiti í bókmenntafræði, ritstj. Jakob Benediktsson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Mál og Menning, 2006, fyrsta prentun 1983.
- Íslensk bókmenntasaga II*, höf. Böðvar Guðmundsson, Sverrir Tómasson, Torfi H. Tulinius og Vésteinn Ólason, Reykjavík: Mál og Menning, 1993.
- Jóhannes Halldórsson, „Formáli“, *Kjalnesinga saga*, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1960.
- Kjalnesinga saga*, Íslensk fornrit XIV, Jóhannes Halldórsson gaf út, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1959.

- McTurk, Rory, *Chaucer and The Norse and Celtic Worlds*, Hampshire: Ashgate Publishing Limited, 2005.
- Rudd, Gillian, *The Complete Critical Guide to Geoffrey Chaucer*, í *The Complete Critical Guide to English Literature*, ritstj. Richard Bradford og Jan Jedrzejewski, London and New York: Routledge, 2001.
- Sif Ríkarðsdóttir, *Medieval Translations and Cultural Discourse: The Movement of Texts in England, France and Scandinavia*, Cambridge: D. S. Brewer, 2012.
- Sigurður Nordal, „Formáli“, *Egils saga*, Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag, 1938.
- _____, *Um íslenskar fornsögur*, Þýð: Árni Björnsson, Mál og Menning, Reykjavík, 1968.
- Stefán Einarsson, *Íslensk bókmenntasaga 874 – 1960*, Snæbjörn Jónsson & CO. H.F., The English bookshop, Prentsmiðjan Oddi H.F., 1961.
- The Riverside Chaucer*, 3. útgáfa, ritstj. Larry D. Benson, Oxford: Oxford University Press, 2008.
- Vésteinn Ólason, *Samræður við söguöld: Frásagnarlist Íslendingasagna og fortíðarmynd*, Reykjavík: Heimskringla, Háskólaforlag Máls og Menningar, 1998.

Vefheimildir:

Sótt af vef háskólans í Dusseldorf, http://user.phil-fak.uni-duesseldorf.de/~holteir/companion/Navigation/Text_Groups/Fabliaux/fabliaux.html . Sótt þann 3.5.2012.